



ÍþRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð Reykjavíkur

Reykjavík 10.4. 2019

Efni: Umsögn varðandi óskir um aðstöðu í sundlaug í Úlfarsárdal.

Stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur hefur fjallað um erindi Ungmennafélagsins Fjölnis varðandi aðstöðu fyrir sunddeild félagsins í tilvonandi sundlaug í Úlfarsárdal.

Með hliðsjón af því að Fram er hverfisfélag í Grafarholti og Úlfarsárdal þá telur ÍBR að Fram eigi að hafa forgang að þeim möguleika að bjóða æfingar í sundi í nýrri laug í hverfinu. Það liggur fyrir að Framrar hafa hugleitt þann möguleika en ekki tekið endanlega afstöðu.

Fari svo að Fram hafi ekki áhuga á að koma á fót sunddeild innan félagsins þá liggur beinast við að mati ÍBR að Fjölnir bjóði upp á sundæfingar í lauginni. Grafarvogshverfi liggur að Grafarholts- og Úlfarsárdalshverfi og þar á milli eru samgöngur ágætar m.a. með strætó. Það myndi því henta ágætlega að sameina æfingahópa ef svo ber undir þegar iðkendur komast á unglingsár.

Virðingarfyllst,

f.h.stjórnar ÍBR

Frímann Ari Ferdinandsson

Framkvæmdastjóri